



19. mars. 2021
Tilv.: 2103053

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 129/1997 (jafnréttisstefna lífeyrissjóða), 151. löggjafarþing, 282. mál


Með tölvupósti dags. 5. mars 2021 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 36. og 41. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997. Í greinargerð kemur fram að frumvarpið hafi verið lagt fram á 148., 149. og 150. löggjafarþingi án þess að hljóta afgreiðslu og því sé það endurflutt nú.

Seðlabanki Íslands sendi umsögn 21. febrúar 2020 við sambærilegt frumvarp þar sem vísað var til umsagnar Fjármálaeftirlitsins dags. 27. febrúar 2018. Umsagnir þessar fylgja með umsögn þessari og er vísað til þeirra.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofu bankastjóra


Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar

Fylgiskjöl

1. Umsögn Fjármálaeftirlitsins dags. 27. febrúar 2018
2. Umsögn Seðlabanka Íslands dags. 21. febrúar 2020



21. febrúar 2020
Tilv.: 2002075

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 (jafnréttisstefna lífeyrissjóða), 150. löggjafarþing, 99. mál

Með tölvupósti dags. 11. febrúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 36. og 41. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997.

Í frumvarpinu kemur fram að það hafi verið lagt fram á 148. og 149. löggjafarþingi og því endurflutt nú.

Bent er á að Fjármálaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) sendi umsögn þann 27. febrúar 2018 við sambærilegt frumvarp¹ og vísast til hennar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rúnar Guðmundsson


Grimur Sigurðarson

¹ 148 löggjafarþing, 23. mál.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI · 569 9600 · NETFANG · seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI · 569 9605



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

27. febrúar 2018
Tilvísun: 2018020008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (jafnréttisstefna lífeyrissjóða), 23. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. febrúar 2018, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (jafnréttisstefna lífeyrissjóða), 23. mál.

Fjármálaeftirlitið telur það augljóslega til bóta að lífeyrissjóðir hafi jafnrétti til hliðsjónar í fjárfestingarferli sínu. Hins vegar vill Fjármálaeftirlitið koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við ofangreint frumvarp.

Þann 1. júlí 2017 tóku gildi lög nr. 113/2016, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir). Tilgangur laga þessara var að skýra fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna og leggja áherslu á þau atriði sem nauðsynlegt er að stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða horfi til við fjárfestingar sjóðanna. Aukin áhersla var lögð á að sjóðirnir fjárfesti í samræmi við skynsemissreglu og að áhættustýring sé eflað í lífeyrissjóðunum. Þá kemur fram í 5. tölulið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, að lífeyrissjóður skal setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Fjármálaeftirlitið minnir á að eignir lífeyrissjóðanna er skyldusparnaður almennings og er því afar mikilvægt að þær séu fjárfestar á þann hátt að fyrst og fremst sé horft til hagsmuna sjóðfélaga, þá með tilliti til ávöxtunar og áhættu fjárfestinganna. Fjármálaeftirlitið telur að með þeim breytingum sem urðu með gildistöku laga nr. 113/2016 hafi verið tekið stórt skref í þá átt að bæta áhættuvitund og áhættustýringu lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á að ef vilji er til að bæta við ákvæðum í VII. kafla laganna, um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna, er nauðsynlegt að horfa til kaflans í heild, þannig að fjárfestingarheimildir sjóðanna séu skýrar, auðskiljanlegar, að hægt sé að framfylgja þeim og að ákvæði kaflans séu í samræmi. Fjármálaeftirlitið telur að með þeirri viðbót sem lögð er til í frumvarpi 23/148 sé möguleiki á að minni áhersla verði lögð á að fjárfest sé í samræmi við skynsemissregluna, til að uppfylla þá skyldu að fjárfest sé í fyrirtækjum þar sem jafnvægi er í kynjahlutföllum í stjórn og framkvæmdastjórn. Þá bendir Fjármálaeftirlitið jafnframt á að viðmið lífeyrissjóðs um fjárfestingar í slíkum félögum gætu veið átt heima undir þeim siðferðislegu viðmiðum sem þeim ber að setja sér, skv. 5. tölulið 1. mgr. 36. gr. laganna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Með hliðsjón af framanrituðu telur Fjármálaeftirlitið það ákjósanlegra að lífeyrissjóðirnir setji sér sjálfir viðmið í tengslum við kynjahlutföll í stjórnun og framkvæmdastjórn þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í, og þá að þau viðmið yrðu þá hluti af þeim siðferðislegu viðmiðum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér skv. áðurnefndum 5. tölulið 1. mgr. 36. gr. laganna.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Sara Sigurðardóttir